



Reykjavík, 27. júní 2019

**Efni: Umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um drög að reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.**

Hinn 13. júní sl. birti fjármála- og efnahagsráðuneytið drög að reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. SAF – Samtök ferðaþjónustunnar hafa yfirfarið drögin og vilja koma ábendingum á framfæri.

Eins og leiðir af 13. gr. reglugerðardraganna er gert ráð fyrir að hún muni sækja stoð í 3. mgr. 43. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. draganna geta *erlend fyrirtæki* fengið endurgreiddan virðisaukaskatt sem þau hafa greitt hér á landi vegna kaupa á vörum og þjónustu innanlands o.s.frv. Í 2. mgr. 2. gr. eru orðin *erlent fyrirtæki* skilgreind þannig að til þess telst erlendir lögaðili svo sem hlutafélag eða einkahlutafélag, eða einstaklingur sem stundar atvinnurekstur og hefur hvorki búsetu eða heimilisfesti né starfsstöð á Íslandi. Þessi skilgreining virðist í góðu samhengi við ákvæði 4. másl. 3. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988 sem er svohljóðandi:

Fyrirtæki telst erlent í skilningi þessarar málsgreinar þegar aðili hefur hvorki búsetu né starfsstöð hér á landi. (Undirstrikun SAF)

Frá lagalegu sjónarmiði veur það athygli að gert er ráð fyrir því í 3. mgr. 2. gr. draganna að erlend fyrirtæki *með starfsstöð hér á landi* geti öðlast rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatt að tilteknum skilyrðum uppfylltum. SAF hvetja ráðuneytið til að kanna hvort 3. mgr. 2. gr. draganna hafi nægilega styrka lagastoð.

Á almennum nótum hvetja SAF ráðuneytið til að gæta sérstaklega að því að ákvæði c-liðar 3. gr. draganna verði þess ekki valdandi að erlendar ferðaskrifstofur sem kaupa vöru eða þjónustu til endursölu og endanlegrar neyslu hér á landi sitji uppi með virðisaukaskatt sem sambærilegur innlendur aðili gæti innskattað við uppgjör virðisaukaskatts.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðapjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Benedikt S. Benediktsson'.

*Benedikt S. Benediktsson, lögfræðingur*